

skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bandalags kennarafélaga. Skipunartímabil nefndarinnar er 4 ár. Nefndin skal m.a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

- a) Hvers konar nám umsækjandi hyggst stunda og hversu það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild.
- b) Hvort umsækjandi hafi áður lagt fram fullgilda orlofsumsókn en ekki fengið eða getað notað sér orlofið. Að öðru jöfnu skal sá ganga fyrir sem áður hefur sótt.
- c) Nefndin metur í hverju einstöku tilfelli, hvort starfsaldur skuli ráða röð annars jafngildra umsókna.
- d) Að jafnaði skal ekki veita orlof samtímis tveim eða fleiri starfsmönnum sömu stofnunar.
- e) Sæki hjón sem bæði fullnægja orlofsskilyrðum um orlof samtímis samkvæmt 2. gr., a, b og c-liðum, má veita báðum orlof, enda meti ráðuneytið gild rökin fyrir því að bæði hljóti orlof samtímis. Ákvæði d-liðar hér á undan skulu ekki taka til hjóna.

9. gr.

#### **Yfirlitsskýrsla um orlofsveitingar.**

Að lokinni úthlutun orlofa gerir menntamálaráðuneytið skýrslu um orlofsveitingar og skulu þar m.a. koma fram eftirfarandi upplýsingar um orlofsþega.

- a) Nafn, kennitala, kennsluferill og vinnustaður.
- b) Lengd orlofs.
- c) Áður fengið orlof.
- d) Hvar og hvernig áætlað er að verja orlofinu.
- e) Tölulegar upplýsingar um heildarþjárfreitingu til orlofs, styrkja og kennsluafsláttar svo og fjöldi orlofsumsókna á orlofsárinu.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, sbr. einnig 87. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 62/1975 um orlof kennara og skólastjóra.

*Menntamálaráðuneytið, 23. ágúst 1988.*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

*Sólrún Jensdóttir.*

5. september 1988

Nr. 428

## **AUGLÝSING**

### **um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið:

Einstefna verður á Baldursgötu frá Óðinsgötu að Freyjugötu og að skábílastæði verði á sama kafla að suðaustanverðu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 3. október 1988.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. september 1988.*

**Böðvar Bragason.**